

8. fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar. Haldinn 7. september 2012 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 12.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Birgir Ingvarsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri (hafnarstjóri), sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Dýpkun 2013-14

Fyrir fundinn liggur hugmynd frá Siglingastofnun vegna dýpkunar í höfninni á Þórshöfn. Mikil umræða um útfærslu á dýpkuninni og eru fundar menn sammála því að flýta þurfi vinnu við að bjóða þetta út og það verði ekki gert seinna en í nóvember nk. Sveitarstjóra og formanni falið að vinna áfram í málinu.

2. Skemmd á höfn.

Viðgerðum er lokið.

3. Vegur að hafnarsvæði .

Sveitarstjóri og formaður sögðu frá því að verið væri að vinna í þessum málum. Fundurinn sammála því að sveitarstjóri og formaður leitist að því að klára málið.

4. Starfsmannamál.

Sveitarstjóri sagði frá því að ein umsókn hefði borist vegna hafnarvarðar á Þórshöfn sem auglýst var í sumar. Var það frá Almari Marinóssyni og hefur hann verið ráðinn og hafið störf. Jafnframt þakkar hafnarnefnd Steini Karlssyni fráfarandi hafnarverði fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50